

## Guðný J. Ólafsdóttir

**From:** Guðný J. Ólafsdóttir  
**Sent:** 9. september 2015 14:41  
**To:** Guðný J. Ólafsdóttir  
**Subject:** N4  
**Attachments:** N4.pdf  
**One:** -1

AKRANESKAUPSTAÐUR			
Skj.nr.	3.6	Mótt. af GSO	Mótt. dagur 9 SEPT. 2015
Áb.m.	RA	Úrv.aðili SAS	Afrit RA/SAS
Símtal		Tölvup.	Fax
Svarfr.		Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One	1509142		

**From:** Páll S. Brynjarsson [<mailto:pall@ssv.is>]

**Sent:** 22. júní 2015 14:21

**To:** 'Sveinn Pálsson'; 'Sturla Böðvarsson'; 'Sif Matthíasdóttir'; 'Þorsteinn Steinsson'; 'Kristinn Jónasson'; 'Eggert Kjartansson'; 'Kolfinna Jóhannesdóttir'; [arnihjorl@gmail.com](mailto:arnihjorl@gmail.com); 'Skúli Þórðarson'; Regína Ásvaldsdóttir

**Subject:** N4

Ágætu oddvitar, bæjar- og sveitarstjórar

Nýverið komu þær María B. Ingvadóttir og Margrét Blöndal frá sjónvarpsstöðinni N4 í heimsókn á fund stjórnar SSV og kynntu áhuga sinn á því að gera sjónvarpsþætti á N4 um Vesturland. Stöðin er í dag með fasta þætti um Norðurland eystra og vestra, Austurland og Suðurland.

Landshlutasamtök og sveitarfélög hafa komið að þessari þáttagerð með fjárstuðningi. Á Suðurlandi hefur verkefnið verið unnið þannig að hvert sveitarfélag hefur lagt fram kr. 500.000 vegna þáttagerðarinnar og fengið umfjöllun og afnot af efninu í staðinn. Alls hafa verið gerðir 24 þættir á Suðurlandi og núna er verið að ræða framhald á verkefninu. Á Norðurlandi –Vestra kom fjárveiting úr vaxtarsamningi sem greiddi kostnað að hluta vegna þáttagerðar þar. Fjármögnun hefur því verið með misjöfnun hætti.

Stjórn SSV vildi gjarnan heyra hvort sveitarfélögunum á Vesturlandi hugnist að skoðað verði samstarf við N4 og hvort þau væru tilbúin til að taka að einhverju leyti þátt í því að fjármagna þáttagerðina ?

Meðfylgjandi er stutt kynning á N4

Með góðri kveðju  
Páll S. Brynjarsson



# 740 INNSLÖG Í ÞÆTTINUM AÐ NORÐAN

- frá Borðeyri til Bakkafjarðar árið 2014




## N4 Sjonvarp - Af landsbyggðinni

N4 Sjonvarp er staðsett á Akureyri en næst um land allt í gegnum dreifikerfi Digital Íslands (Vodafone) og Sjonvarp Símans ásamt því að vera aðgengilegt á heimasíðu N4, [www.n4.is](http://www.n4.is) í gegnum Oz.

N4 Sjonvarp býður upp á nýja sjónvarpsþætti á hverjum virkum degi, frumsýndir kl.18.00 og endursýndir á klukkutíma fresti. Í N4 Sjonvarpi er skyggst inn í líf landsmanna og áhorfendum boðið að kynna viðmælendum í leik og starfi.

Meðal helstu þátta N4 Sjonvarps eru **Að norðan**, **Glettur - að austan**, **Að sunnan**, **Í fókus**, **Hvítir mávar**, **Matur og menning** og **Föstudagsþátturinn sem Hilda Jana stýrir** en hún var tilnefnd til Edduverðlaunanna sem sjónvarpsmaður ársins 2015.

Auglýsendur geta gengið að því vísu að auglýsingar í N4 Sjonvarpi ná til allra landsmanna í kringum þætti sem vakið hafa verðskuldaða athygli.



## N4 Dagskrá - Stærsta dreifingarsvæðið á Norðurlandi

N4 Dagskráin er gefin út vikulega í 11.500 eintökum og er dreift inn á öll heimili á Eyjafjarðarsvæðinu, í fyrirtæki á Akureyri og á fjölfama staði frá Blönduósi til Vopnafjarðar.

Í N4 Dagskránni er að finna allskyns fróðleik og skemmtiefni auk sjónvarpsdagskrár, t.d. uppskriftir, sudoku og 10 hluti sem fólk veit ekki um þekkt einstaklinga. Allir skemmtistaðirnir, bíóin og flest veitingahús á Akureyri auglýsa í N4 Dagskrá í hverri viku.

Þæp 80% íbúa á Akureyri og nágrenni lesa N4 Dagskrá.  
Um 90% lesenda skoða allar auglýsingar í N4 Dagskránni.



## N4 Framleiðsludeild - Upptökur, þáttagerð og beinar útsendingar

N4 rekur öfluga framleiðsludeild sem leggur áherslu á gerð markaðs- og kynningarefnis fyrir fyrirtæki og stofnanir, sjónvarpsauglýsingar, netmarkaðssetningar og efni fyrir sölusýningar. Þá sér framleiðsludeildin um upptökur og beinar útsendingar á viðburðum víða um land t.d. **Ax Extreme**, **Fimmtudagsfilingur**, **Íslandsmótið í íshokki** o.fl. Meðal helstu þátta sem framleiðsludeildin hefur gert eru **Óvissuferð í Húnapingi vestra**, **Orka landsins**, **Óvissuferð í Eyjafirði**, **Fiskidagstónleikarnir** og **Audæfi hafsins**, sem tilnefndur var til Edduverðlaunanna árið 2014



## N4 Grafík - Við leitum lausna með hag viðskiptavina í öndvegi

Í grafíkdeild okkar starfa þrjú grafískir hönnuðir sem leggja áherslu á fagmennsku og skapandi hugmyndir auk þess að veita faglega ráðgjöf til viðskiptavina við umbrot bóka, tímarita, hönnun bæklinga, umbúða og annarra prentgrípa. Við leitum lausna með hag viðskiptavina í öndvegi.